

1864. hlýða að fallast á tillögur yðar, herra stiptamtmaður, um að fê  
27. júlí. þetta verði greitt úr lækna sjóðnum.

4. ágúst. **70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir  
norður- og austurumdæminu, um lyfjasölu á Akur-  
eyri.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 28. d. aprílm. þ. á skýrt frá, að Jóhann Thórarensen lyfsali á Akureyri ætli, frá 14. d. septembermán. í haust, að hætta við lyfjasöluna þar í kaupstaðnum, og lýst yfir álitu yðar um, hverjar ráðstafanir til-tækilegast muni að gjöra í þessu efni. Eptir að stjórnarráðið hafði meðtekið þetta bréf yðar og var farið að skrifast á um málið við hið konunglega heilbrigðisráð, skýrði ofangreindur Thórarensen lyfsali dómsmálastjórninni frá, að hann væri búinn að semja um það við Emil Möller, cand. pharm., er að undan-förnu hefir veitt forstöðu lyfjabúðinni í Stykkishólmi, að hann taki við lyfjabúðinni á Akureyri af sér og haldi þar áfram lyfja-sölunni, svo framarlega sem erindsreki sinn hér í borginni ekki þegar verði búinn að selja lyfjabúðina öðrum fullgildum lyfsölu-manni, áður en hann geti tálmað því.

Um þetta efni skal skorað á yður, herra amtmaður, að kunngjöra Thórarensen lyfsala, að dómsmálastjórnin ekkert hefir á móti því, að hann ráðstafi lyfjabúðinni á Akureyri á þann hátt, sem að ofan er um rætt, en þó verður sá, er tekur að sér lyfjabúðina, að vera sér úti um að fá konunglegt leyfisbréf til að hafa lyfjasölu, og skal því í þessu tilliti við bætt, að einkaleyfi það, sem Thórarensen fékk 23. desemberm. 1857 til að hafa lyfjabúð þá, sem hér er um rætt, verður eptir atvikum málsins aðeins að áltast sem veitt honum einum fyrir sig (*per-sonligt Privilegium*).